

## **FORSÆTISNEFND 1. MARS 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samræmt verklag vegna bókana – MSS24030005**

Flokkur fólksins leggur til að reglur um bókanir og rétt fulltrúa til að bóka við mál verði samræmdar milli ráða þannig að geðþóttaákvæðanir ráði ekki för hjá stjórnendum fundanna og formanni.

### **Greinargerð:**

Ítrekað hefur fulltrúi Flokks fólksins mætt þeirri staðreynd að ólíkar reglur gilda hvenær bóka má við mál í ráðum. Sem dæmi gilda önnur lög mál í umhverfis- og skipulagsráði en í öðrum ráðum. Minnihluta fulltrúar í umhverfis- og skipulagsráði er meinað að bóka við mál sem t.d. er vísað til umsagnar annars staðar. Í þessu umrædda ráði er sífellt verið að vísa í einhverjar “venjur” sem hafa ekkert að gera með reglur. Fulltrúi Flokks fólksins telur hér að það sé hreinn geðþótti þegar sagt er við minnihluta fulltrúa að ekki sé leyfilegt að bóka við mál fyrr en þau koma til baka til ráðsins þá ásamt umsögn til að verða tekin til afgreiðslu. Fulltrúi Flokks fólksins telur að hér sé brotið á bókunarrétti minnihluta fulltrúa og fer því fram á með þessari tillögu að notast verði við sömu samþykktir í öllum ráðum borgarinnar og geðþótti og “venjur” verði ekki ríkjandi á ráðsfundum.